

- 28
18. apríl Reglugerð þessi; sem bæjarstjórnin á Ísafirði hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. apríl 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

- 29
28. apríl

AUGLÝSING

um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti.

Ríkisstjórnin hefir ákveðið að nota heimild þá, sem felst í lögum nr. 34, 1. febrúar 1936, um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl., til þess að taka í sínar hendur frá 1. maí næstkomandi að telja innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum, svo sem rófum, næpum, hverskonar kálmeti og öðru nýju grænmeti.

Sambandi islenzkra samvinnufélaga hefir verið falinn rekstur Grænmetisverzlunar ríkisins frá sama tíma, og ber öllum þeim, sem óska að fá framan- greindar vörur frá útlöndum, að snúa sér til sambandsins í því efni.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. apríl 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

- 30
30. apríl

REGLUGERÐ

um Ferðaskrifstofu ríkisins, eftirlit með gistihúsum og umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa.

I. KAFLI

Um almenna starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins.

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, er nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins (á ensku State Tourist and Informations Bureau of Iceland — stýtt nafn: Statourist). Skal hún starfa að því að veita fræðslu um landið innan lands